



Valgreinar - 10. bekkur
fyrir veturinn 2024 - 2025

Innihald

Kennslumagn veturinn 2024-2025	4
Hvernig fer valið fram?	5
Metið val	6
Árbók 10.bekkjara	7
Doðranturinn - skólablað Hagaskóla	8
English for Advanced or Native Speakers	9
Franska og frönsk menning	10
Frisbígólf.....	11
Heimilisfræði - matur menning og hollusta	12
Hönnun og smíði	13
Ítalska	14
Jóga Nidra	15
Lýðræðisval Frosta	16
Næringarfræði.....	17
Opið val	18
Myndmennt	19
Skartgripagerð.....	20
Skák	21
Stuðningur í ensku	22
Stuðningur í íslensku	23

Stuðningur í stærðfræði.....	24
STÆR2AA05.....	25
Söngleikur – Hár og förðun	26
Söngleikur - Leikhópur	27
Söngleikur – Leikmynd og búningar	29
Söngleikur – Markaðsnefnd	30
Söngleikur – Tónlist/hljómsveit.....	31
Textíl - endurnýting.....	32
Textíl – prjón	33
Velkomin í hverfið	34

Kennslumagn veturinn 2024-2025

10. BEKKUR	Mínútur á viku 1480
ÍSLENSKA	240
STÆRÐFRÆÐI	240
ENSKA	180
DANSKA	180
SAMFÉLAGSFRÆÐI	120
NÁTTÚRUFRÆÐI	120
BEKKJARTÍMI/LESSTUND	100
ÍÞRÓTTIR/SUND	120
VEL	60
VALGREINAR	120

Hvernig fer valið fram?

10. bekkur 2024 - 2025

Nemendur í Hagaskóla óska eftir valgreinum fyrir næsta skólaár í gegnum form sem er aðgengilegt í gegnum Google Classroom. Nemendur fá að auki hlekk á formið sendan í tölvupósti.

Nemendur eiga að velja sex tíma og velja það fyrst sem þeir hafa mestan áhuga á. Þeir nemendur sem eru í íþróttum tónlist eða öðrum skipulögðum tónstunum geta valið **metið val** sem kemur í þá í stað áfanga innan skólans (sjá metið val bls. 6). Foreldrar þurfa að staðfesta þátttöku nemenda í þeim tímum sem þeir nota í stað valgreina eins og kveðið er á um í grunnskólalögum.

Mikilvægt er að nemendur jafnt sem foreldrar kynni sér vel hvaða val er í boði og lesi gaumgæfilega yfir lýsingarnar í þessum bæklingi. Því miður er aldrei hægt að verða við óskum allra en reynt er að koma til móts við nemendur eins og hægt er. Ekki verður farið af stað með mjög litla hópa en vonandi verða engir hópar of fjölmennir þannig að vísa verði nemendum frá.

Metið val

Samkvæmt grunnskólalögum er heimilt að meta skipulagt nám sem stundað er utan grunnskóla, t.d. við tónlistarskóla, sem hluta af grunnskólanámi samkvæmt nánari útfærslu í aðalnámskrá grunnskóla. Stundi nemandi slíkt nám er viðkomandi sveitarstjórn ekki skylt að standa straum af kostnaði sem af því leiðir þótt námið njóti viðurkenningar í stað skyldunáms. Jafnframt er heimilt að meta tímabundna þátttöku í atvinnulífi, félagslífi, íþróttum eða skipulögðu sjálfboðastarfi sem nám, enda falli það að markmiðum skólastarfs.

Nemandi getur fengið metna eina eða báðar valstundirnar á viku að meðaltali allt skólaárið. Fyrir hverja metna valstund utan skólans þarf að stunda nám/íþróttir í tvær klukkustundir. Þannig þarf sá nemandi sem ætlar að fá tvær stundir metnar sem **metið val** að iðka/ æfa/ a.m.k. fjórar klukkutíma á viku.

Fyrirvari

Tekið skal fram að allar upplýsingar um val eru settar fram með fyrirvara um breytingar og villur. Gera verður ráð fyrir lágmarks- og hámarksþátttöku í öllum valgreinum og því er ekki víst að allir komist að í þeirri valgrein sem þeir velja.

Árbók 10.bekkjjar

Í þessum áfanga útbúa nemendur í sameiningu árbók árgangsins. Árbók er blað sem er selt árganginum við lok skólaársins. Í áfanganum þurfa nemendur að skipuleggja bekkjarmyndartökur sem og einstaklingsmyndatökur. Einnig þurfa nemendur að vinna við uppsetningu og frágang árbókarinnar. Nemendur þurfa að safna efni frá nemendum og kennurum sem birtast í árbókinni.

Námsmat:

Námsmat miðast við þátttöku í tímum og samvinnu

Tímar á viku

Ein kennslustund á viku eftir áramót

Kennarar

NN

Doðranturinn - skólablað Hagaskóla

Í þessum áfanga læra nemendur hvernig blað verður til og vinna að gerð skólablaðs. Nemendur ákveða í sameiningu hvað verður í skólablaðinu og hvernig útlit þess verður. Kennnd verða undirstöðuatriði blaðamennsku t.d. að skrifa stuttar fréttir og hvernig fjalla á um atburði tengda skólalífinu, taka viðtöl og vinna með efni tengt eigin áhugasviði.

Grunnþættir menntastefnunnar *Látum draumana rætast* eru hafðir að leiðarljósi í kennslunni en þeir eru:

- félagsfærni
- sjálfsefning
- læsi
- sköpun
- heilbrigði

Námsmat:

Námsmat miðast við þátttöku í tímum, samvinnu og skil á skólablaði.

Tímar á viku

Ein kennslustund á viku allt skólaárið

Kennarar

NN

English for Advanced or Native Speakers

Markmið

Að skerpa enn frekar á færni nemenda í skriflegri ensku og lestri flókinna texta.

Leiðir

Textar og verkefni sem notuð eru fyrir nemendur á þessu aldurstigi í enskumælandi skólum.

Námsmat

Lokið/ólókið

Tímar á viku

Ein kennslustund á viku, hálf t skólaárið.

Kennari

Laura Marie Engelhoff

Franska og frönsk menning

Markmið með frönskukennslunni er að nemendur kynnist grunnatriðum í byrjendanámi í frönsku. Nemendur munu einnig fá tækifæri til að ræða menningu og landafræði og kynnst nokkrum séreinkennum Frakklands.

Stuðst verður við eftirfarandi námsefni:

- One- day- french - kennslumyndband og tilheyrandi verkefni
- Carte blanche – Lesbók
- Carte blanche – Verkefnablöð
- Gagnvirkir efni af netinu, m.a. babbel.com, duolingo.com ...

Námsmat

Símat: Vinna í tímum, skilaverkefni, kynningar og stuttar kannanir.

Lokið/ólókið

Tímar á viku

Ein kennslustund á viku, hálf t skólaárið.

Kennari

NN

Frisbígólf

Nemendur læra leikreglur frisbígólfs og spila með samnemendum. Frisbígolf er einföld og skemmtileg íþrótt sem hentar öllum. Áfanginn verður aðallega kenndur utandyra. Tímarnir fara fram í grennd við Hagaskóla en einnig verður farið á frisbígolfvelli í grennd við skólann. Farið verður yfir grunnatriði frisbígólfsins, reglur, grip, pútt, bakhönd, forhönd og mismunandi frisbídiskar prófaðir. Einnig verður farið yfir helstu reglur sem þarf að hafa í huga þegar keppt er í frisbígólfi. Nemendur geta komið með sína eigin frisbídiska en skólinn útvegar líka diska.

Markmið

Að nemendur kynnist þeirri frábæru útivist og hreyfingu sem frisbígolf er.

Námsmat

Ástundun og virkni.

Tímar á viku

Ein klukkustund á viku, hálf t skólaárið

Kennari

Arnar Pétursson

Heimilisfræði - matur menning og hollusta

Heimilisfræði fjallar um manninn, líf hans og lífsskilyrði, líkamlegar og andlegar þarfir. Greininni er ætlað að stuðla að góðu heilsufari og hagsýni. Stefnt er að því að auðvelda nemendum að takast á við daglegt líf og efla vitund þeirra í neytendamálum.

Markmið

Að nemandinn þjálfist í að matreiða fjölbreyttan, girnilegan og góðan mat samkvæmt manneldismarkmiðum.

öðlist færni í að beita fjölbreyttum matreiðsluaðferð.

Að nemandinn geti lagt mat á gæði helstu matvæla sem eru á markaðnum.

Að nemandinn þjálfist í að beita kunnáttu til að varast tjón af völdum örvera (matareitranir).

tileinki sér hreinlæti í verki við heimilisstörf.

Kennsluhættir

Kennsla fer fram í sérútbúnu kennslueldhúsi í hópkenndu. Áhersla er lögð á að nemendur nái færni í að vinna eftir uppskriftum. Ætlast er til að nemandinn vinni vel og skipulega.

Námsmat

Verkleg þjálfun sem er stór hluti heimilisfræðinnar er nauðsynleg og fer fram símat á framförum nemenda.

Tímar á viku

Tvær klukkustundir á viku, hálf t skólaárið. Telur sem einn tími allt árið.

Kennari

Heimilisfræðikennari

Hönnun og smíði

Handverk af ýmsu tagi er undirstaða umhverfis okkar. Handverk kemur við sögu hvar og hvenær sem er, t.d. við skurðlækningar, hjá tannlæknum, í iðnmenntun, starfsþjálfun af ýmsu tagi og víðar.

Markmið

Að nemandinn

- geti „teiknað“ eigið hugverk og unnið verkefnið eftir teikningu.
- geti unnið eftir teikningum sem gerðar eru í ákveðnum mælikvarða
- geti hagnýtt sér tækni og hugmyndaleit sem gefst á hverjum tíma.
- þekki þau verkfæri sem hann þarf að nota og geti metið ástand þeirra.
- hafi öryggismál og hollustuhætti ofarlega í huga og að rétt líkamsbeiting sé höfð í huga við vinnu.
- geti unnið með einföld rafmagnsverkfæri t.d. stingsög, borvél, tifsög og í einhverjum tilfellum rennibekk.
- hafi nokkra kunnáttu við beitingu og notkun á algengustu handverkfærum.
- geti gert sér grein fyrir vönduðum eða slökum vinnubrögðum á hinum ýmsu sviðum þjóðfélagsins.
- læri að hlusta á skoðanir og hugmyndir annarra og virða þær.
- hafi nokkra þekkingu á þeim efnum sem borin eru á tilbúin verk t.d. lakk, olíu, vax, bæs og fleira.

Leiðir

Helsta kennsluáferðin er einstaklingsmiðuð verkefnavinna þar sem hver og einn vinnur að sínu verkefni undir leiðsögn kennarans.

Námsmat

Ástundun í tíma og iðni nemandans.

Tímar á viku

Ein klukkustund á viku, hálf t. skólaárið.

Kennari

Sigurlína Margrét Osuala

Ítalska

Helstu viðfangsefni

Kennd eru undirstöðuatriði ítalskrar tungu auk þess sem nemendur fá innsýn í menningu Ítalíu. Í kennslustundum er miðað að því að þjálfa nemendur í að tjá sig við einfaldar aðstæður, skilja einfalt mál, þjálfa hlustun, ritun og æfa framburð. Farnar eru fjölbreyttar leiðir til að ná þessum markmiðum þannig að komið sé til móts við mismunandi hæfileika og áhugasvið nemenda. Unnið verður m.a. með ítalska tónlist, og horft á myndbönd.

Markmið að nemandinn

- Læri undirstöðuatriði í ítölsku
- Geti tjáð sig við einfaldar aðstæður
- Kynnist menningu og þjóð

Námsmat

Fjölbreytt verkefni.

Tímar á viku

Ein klukkustund í viku, allt árið

Kennari

Drífa Guðmundsdóttir

Jóga Nidra

Jóga nidra er leidd djúpslökun. Nidra þýðir svefn og jóga þýðir eining. Í jógískum svefni eða jóga nidra sofnar líkaminn en meðvitundin er vakandi. Líkaminn fær djúpa hvíld og hugurinn ró. Iðkuninn er sérstaklega áhrifarík til að vinda ofan af streitu og kvíða, og talið er að 30 mínúta iðkun jafnist á við 4 tíma svefn. Nærandi og slakandi tímar þar sem þú finnur líkamlega og andlega vellíðan. Þú liggur undir teppi og lætur fara vel um þig og nýtur leiðsagnar sem leiðir þig inn í djúpa kyrrð og hvíld.

Markmið

- kynnast jóga nidra djúpslökun
- að losa streitu og bæta svefn
- að bæta andlega og líkamlega vellíðan
- að kynnast krafti þakklætis

Leiðir

- tilfallandi æfingar
- samtal og fræðsla
- að bæta andlega og líkamlega vellíðan

Námsmat

Byggir á þátttöku og mætingu í tímum.

Tímar á viku

Ein kennslustund á viku, hálf t skólaárið.

Kennari

Brynja Emilsdóttir

Lýðræðisval Frosta

Við bjóðum upp á valáfanga sem kallast lýðræði og þar fer fram fræðsla, kennsla í viðburðarstjórnun og mikið samtal um starfsemi Frosta. Þar gefst unglíngunum tækifæri til þess að læra að halda viðburði og það sem þarf að hafa í huga í viðburðastjórnun. Við eigum samtal um hvaða fræðslu er gott að fá í Frosta, hvað mætti betur gera í starfinu og skipuleggja viðburði. Þátttakendur munu bæði vinna verkefni í tíma og á opnunum í Frosta. Tekið verður mark á öllum hugmyndum sem koma upp og hópurrinn ræðir sín á milli hvort og hvernig hægt er að framkvæma þær.

Námsmat

Þátttaka og iðni nemenda. Lokið/ólókið.

Tímar á viku

Ein klukkustund á viku, hálf t skólaárið.

Kennarar

Starfsfólk Frosta

Næringarfræði

Markmið

Markmiðið með áfanganum er að nemendur kynnist grundvallarþáttum næringarfræðinnar. Fjallað verður um næringar-og orkuefnin, hlutverk þeirra og eiginleika. Stefnt verður að því að efla vitund nemenda og auðvelda þeim að taka upplýstar ákvarðanir þegar kemur að fæðuvali. Áhersla verður lögð á að tengja námsefnið áhugasviði nemenda.

Námsmat

Þátttaka og virkni í tímum yfir alla önnina.

Tímar á viku

Ein klukkustund á viku, hálf skólaárið

Kennari

Anna Þyrí Hálfðánardóttir

Opið val

Viðfangsefni

Hluti af því að undirbúa nemendur fyrir framtíðina er að gera þá meira ábyrga fyrir námi sínu. Með því að opna fyrir sjálfræði nemenda yfir vali sem kallað er *Opið val* er höfðað til áhuga þeirra og forvitni ásamt því að sköpunarkrafturinn fær farveg í viðfangsefnum.

Markmið

Nemendur fá frelsi til að ákveða hvað þeir læra og hvernig; hvar þeir dýpka þekkingu sína og færni og hvernig þeir gera skil á verkefnum. Sérstök áhersla er lögð á lykilhæfni aðalnámskrár; ábyrgð og mat á eigin námi, skapandi og gagnrýnin hugsun ásamt tjáningu og miðlun.

Leiðir

Við val og þróun verkefna fara nemendur og kennarar í ákveðið ferli með hugmyndasmiðju og hönnun verkefna þar sem nemendur setja sér markmið og koma auga á tækifæri og áskoranir sem þeir standa frammi fyrir. Nemendur skulu halda dagbók meðan á verkefnavinnu stendur og um miðbik hvers tímabils er gert myndband um verkefnið, svokölluð lyftusöluræða. Nemendum er skipt í námshópa sem starfa undir handleiðslu kennarateyma og hafa eðli verkefna áhrif á hópaskipulag. Önninni er skipt í tvennt þar sem nemendur gera verkefnum sínum skil við miðja önn og svo aftur við lok annar.

Námsmat

Kynning nemenda á verkefnum sínum og námsferli. Lokið/ólókið.

Tímar á viku

2 tímar í senn, einu sinni í viku, hálfra önn.

Kennarar

Hjörny Snorradóttir

Gunnar Gunnsteinson

Myndmennt

Nemendur vinna á hefðbundinn hátt í myndlistarnámi með áherslu á hugmyndavinnu, ítarlegri skissugerð, verklegri útfærslu, frágangi og skilum. Umræða og rýni eins og kostur er.

Hæfniviðmið

Að nemandinn

- þekki til vestrænnar nútímalistar m.t.t. hugmyndavinnu og fjölbreyttrar tækniútfærslu.
- þekki a.m.k. tvo til þrjá erlenda og íslenska myndlistarmenn, lífshlaup þeirra , verk, sögu og tækni.
- velji verkefni með tilliti til efnis og útfærslu í samráði við kennara.
- sæki söfn, sýningar, skoði vefsíður og vefsýningar tengdar myndlist.
- geti gengið frá myndverki til sýningar.

Verkefni og kennslutilhögun tengd þessum hæfniviðmiðum:

- Teikning utandyra í nánasta umhverfi, m.t.t. myndbyggingar, forma og ljóss/skugga viðfangsefnis.
- Notkun blýanta, krítar og kola fyrir mismunandi áferð og mismunandi pappír.
- Listasaga – safnaheimsókn og veraldarvefur nýttur – vinna í anda heimsóknar á safn.
- kynnst verkefnum tveggja erlendra og íslenskra listamanna m.t.t. stefnu og hugmyndavinnu.
- Hugmyndavinna, skissugerð, litaval og úrvinnsla.
- Málun akrýllitir, þekjulitir, þrykk og mótun þrívíddarverka úr t.d. pappír, leir eða öðru.

Námsmat

Í myndlist eru myndverk og ástundun metin m.t.t. frumkvæðis, hugmynda, útfærslu verka og frammistöðu nemenda.

Tímar á viku

Ein klukkustund á viku, hálf t skólaárið.

Kennari

Sesselja Tómasdóttir og Hjörný Snorradóttir

Skartgripagerð

Unnið út frá mörgum mismunandi aðferðum í skartgripagerð. Unnið er með perlur, náttúru efni, plast og ýmislegt sem til fellur. Áhersla verður lögð á endurnýtingu og fjölbreyttar leiðir til sköpunar.

Leiðir

Einstaklingsmiðuð verkefnavinna þar sem hver og einn vinnur að sínu verkefni undir leiðsögn kennarans.

Námsmat

Ástundun í tíma, virkni og verklagni nemandans.

Tímar á viku

Ein klukkustund á viku, hálf t skólaárið

Kennari

Elín Árnadóttir

Skák

Fjallað verður um helstu reglur og aðferðir sem notaðar eru í skák, t.d. byrjanir, miðtöfl, endatöfl, fléttur og að máta. Farið verður yfir valda kafla úr skáksögunni og skákir meistara skoðaðar sem og hvernig hægt er að nota tölvur til að auka færni sína í skák. Mest mun þó fara fyrir því að nemendur tefli og þjálfí sig þannig í listinni.

Markmið

Að auka færni nemenda og áhuga á skáklistinni.

Námsmat

Ástundun og virkni.

Tímar á viku

Ein klukkustund á viku, hálf t skólaárið

Kennari

Arnar Pétursson

Stuðningur í ensku

Markmið

Valgreinin er ætluð þeim nemendum sem vilja styrkja stöðu sína í ensku. Lögð verður áhersla á að þjálfa grunnfærni nemenda í töluðu máli og ritun auk hlustunar. Þessi valgrein er ekki heimanám en ef nemendur telja sig þurfa frekari þjálfun í ákveðnum atriðum tengd námsefninu fá þeir stuðning og verkefni við hæfi.

Námsmat

Lokið/ólókið

Tímar á viku

Ein klukkustund á viku, hálf t eða allt skólaárið.

Kennari

Laura Marie Engelhoff

Stuðningur í íslensku

Markmið

Valgreinin er ætluð þeim nemendum sem vilja styrkja stöðu sína í íslensku. Lögð verður áhersla á verkefni sem eru til þess fallin að styrkja undirstöðu í málfræði og stafsetningu ásamt því að efla lesskilning. Þessi valgrein er ekki heimanám en ef nemendur telja sig þurfa frekari þjálfun í ákveðnum atriðum tengd námsefninu fá þeir stuðning og verkefni við hæfi.

Námsmat

Vinna og ástundun í tímum verður metin

Tímar á viku

Ein klukkustund á viku, hálf t eða allt skólaárið.

Kennarar

Íslenskukennarar

Stuðningur í stærðfræði

Áfanginn er hugsaður sem aukatími fyrir nemendur sem vilja bæta sig og fá meiri stærðfræðikennslu. Kennsla og námsefni er ákveðið í samráði við stærðfræðikennara 10. bekkjar.

Tímar á viku

Ein eða tvær kennslustund á viku hálf t skólaárið eða allt skólaárið.

Kennarar

Stærðfræðikennarar í árgangi

STÆR2AA05

Valáfanginn **stærðfræði að hætti framhaldsskólans** er unninn í samstarfi við MH. Hann er hugsaður fyrir nemendur sem standa mjög vel að vígi í stærðfræði en vilja styrkja sig enn frekar fyrir nám á fyrsta ári framhaldsskólans ekki síst á raungreinabrautum. Kennsla tekur mið af markmiðum og námsefni fyrsta stærðfræðiáfanganna MH (STÆR2AA05). Lokapróf er tekið í MH og geta nemendur fengið áfangann metinn þegar þeir hefja nám í framhaldsskóla.

Nemendur ættu ekki að velja þennan áfanga nema að hafa góð tök á stærðfræði og að vera tilbúnir að leggja sig fram einnig á milli tíma.

Markmið

Markmið áfangans taka mið af áfangalýsingum fyrsta áfanga MH.

Viðfangsefni

Í áfanganum er fjallað um mengi, grundvallaratriði í algebru, fyrsta og annars stigs jöfnur, jöfnuhneppi, hnitakerfi, jöfnu beinnar línu, föll og fleygboga. Lagður er grunnur að vinnubrögðum í stærðfræði, nákvæmni í framsetningu, röksemdafærslum og lausnum verkefna.

Kennslubækur

Námsefni sem notað er í fyrsta áfanga MH (STÆR2AA05).

Viðbótarefni frá kennara.

Námsmat

Vinnueinkunn fá nemendur fyrir heimavinnu, vinnu í kennslustundum, kaflapróf og skil á heimadæmum.

Vinnueinkunn gildir 30% af lokaekinn. Lokapróf er haldið í maí í MH.

Tímar á viku

Tvær klukkustundir á viku, allt skólaárið.

Kennari

Stein Olav Romslo

Söngleikur – Hár og förðun

Viðfangsefni

Að undirbúa hár og förðun fyrir söngleik Hagaskóla.

Markmið

Að nemandi kynnist förðunarfræðum frá hugmynd til uppskeru/lokaafurðar.

Leiðir

Unnið er sóló eða í hóp. Nemendur fá frjálssar hendur þegar kemur að förðuninni. Kennari er innan handar í gegnum allt ferlið.

Valgreinin telst sem einn tími á viku en gera má ráð fyrir að vinnan dreifist ójafnt yfir árið.

Námsmat

Námsmat tekur mið af mætingu, þátttöku og skilum. Lokið/ólókið.

Tímar á viku

Einn tími á viku, allt skólaárið.

Kennari

NN

Söngleikur - Leikhópur

Viðfangsefni

Að setja á svið söngleik Hagaskóla. Leika, syngja og dansa.

Helstu markmið

- að virkja nemendur í skapandi ferli í hóp
- að þjálfarar nemendur í framsögn og leiktúlkun
- að þjálfarar nemendur í að tjá tilfinningar í gegnum leik
- að styrkja sjálfsmynd og öryggi nemenda
 - að efla samvinnufærni nemenda
 - að efla þau í að vinna sjálfstætt og að taka ábyrgð
 - að efla þau í að miðla þekkingu og færni sinni til annarra
 - að þjálfarar sköpunarhæfni nemenda
 - að efla þau í að vera lausnarmiðuð og sjá mörg sjónahorn
 - að semja, kenna og æfa dansa fyrir söngleikinn

Leiðir

Leikhópur

Í leikhópnum munum við setja á svið söngleik sem er saminn af árgangi 2009 í Hagaskóla veturinn 2023-2024. Við vonumst til að gefa öllum færi á að vera með sem sækja um að vera í leikhóp en það fer eftir fjölda umsókna. Haustið 2024 verða svo leikprufur þar sem nemendur sem hafa valið leikhóp hafa færi á að sækjast eftir að hreppa helstu aðalhlutverk söngleiksins. Í leikprufum hitta nemendur leikstjóra og tónlistarstjóra. Þar er tekið stutt spjall um reynslu nemanda af leiklist og tónlist. Einnig þurfa nemendur að syngja eitt lag. Prufurnar eru mikilvægar fyrir leikstjóra og tónlistarstjóra til að fá heildarmynd af hópnum svo auðveldara sé að raða í hlutverk.

Danshöfundar

Stór partur af því setja upp söngleik er að hafa glæsilegar dansenur með litlum og stórum hópum. Því er mikilvægt að fá til liðs við okkur öflugra dansara sem hafa áhuga á að semja og kenna dansa. Danshöfundar eru partur af leikhópnum en ekki er nauðsynlegt að þeir séu færir söngvarar. Því hvetjum við þau sem hafa bakgrunn í dansi og hafa áhuga á að semja og kenna dansa að sækja um í leikhópnum.

Námsmat

Nemendur í leikhóp verða metnir út frá mætingu, þátttöku í tímum, frumleika og framförum yfir veturinn.

Tímar á viku

Valgreinin telst sem þrjú tímar á viku en gera má ráð fyrir að vinnan dreifist ójafnt yfir árið.

Kennari

Arna Sif Ásgeirsdóttir og Kristín Ýr Lyngdal

Söngleikur – Leikmynd og búningar

Viðfangsefni

Að hanna leikmynd og búninga fyrir söngleik Hagaskóla.

Markmið

Að nemandi kynnist hönnunarferli frá hugmynd til uppskeru/lokaafurðar.

Leiðir

Unnið er sóló eða í hóp. Nemendur fá frjálsar hendur þegar kemur að hönnunarferlinu. Kennari er innan handar í gegnum allt ferlið.

Valgreinin telst sem tvöfaldur tími á viku en gera má ráð fyrir að vinnan dreifist ójafnt yfir árið.

Námsmat

Námsmat tekur mið af mætingu, þátttöku og skilum. Lokið/ólakið.

Tímar á viku

Einn tvöfaldur tími á viku, allt skólaárið.

Kennarar

Sigurlína Osuala

Hjörný Snorradóttir

Björg Pétursdóttir

Söngleikur – Markaðsnefnd

Viðfangsefni

Að undirbúa miðasölu, skráningu, auglýsingar, leikskrá og fleira fyrir söngleik Hagaskóla.

Markmið

Að nemandi kynnist markaðsmálum frá hugmynd til uppskeru/lokaafurðar.

Leiðir

Unnið er í hóp. Kennari er innan handar í gegnum allt ferlið.

Valgreinin telst sem einn tími á viku en gera má ráð fyrir að vinnan dreifist ójafnt yfir árið.

Námsmat

Námsmat tekur mið af mætingu, þátttöku og skilum. Lokið/ólokið.

Tímar á viku

Einn tími á viku, allt skólaárið.

Kennari

NN

Söngleikur – Tónlist/hljómsveit

Viðfangsefni

Að útsetja, æfa og flytja tónlist í frumsömdum söngleik Hagaskóla. Nemendur þurfa að hafa góðan grunn í hljóðfæranámi.

Markmið

Að nemandi kynnist því ferli að undirbúa flutning tónlistar, sem aldrei hefur verið flutt áður. Að nemandi taki þátt í því að koma tónsmíðum af frumstigi til lokaútgáfu.

Leiðir

Hljómsveitin er stór og vinna nemendur ýmist allir saman eða í smærri hópum. Nemendur sjá um útsetningar og sinna æfingum. Kennarar eru innan handar í gegnum allt ferlið.

Valgreinin telst sem þrjú tímar á viku en gera má ráð fyrir að vinnan dreifist ójafnt yfir árið.

Námsmat

Námsmat tekur mið af mætingu, þátttöku og skilum. Lokið/ólukið.

Tímar á viku

Þrjú tímar á viku, allt skólaárið.

Kennari

Benedikt Hermann Hermannsson

Gunnar Gunnsteinsson

Textíl - endurnýting

Endurnýting á fatnaði og öðrum textílefnum. Nemendur nýti eigin hugmyndir til að hanna nýtt upp úr gömlu, nemendur hugi að og læri að tileinka sér að vinna með gamlan fatnað og annan efnivið.

Markmið

að nemandinn:

- hugi að endurnýtingu
- skoði efnivið allt í kringum sig sem hægt er að endurnýta
- vinni úr eigin hugmyndum/teikningum
- búi til/taki upp snið af flík eða fylgihlut
- sauma eigin flík eða fylgihlut
- læri að lita og nota einfaldar þrykkaðferðir
- verði meðvitaður um endurnýtingu og kynnist aðferðum að gera nýtt úr gömlu

Leiðir

Skoðaðar verða leiðir endurnýtingar, hvað sé hægt að nýta og hvernig? Flík eða fylgihlutur er saumaður upp úr endurnýttum efnivið. Einnig verður unnið með verkefnið, ný peysa verður til úr gamalli, samstarf við Rauða krossinn. Þar verður unnin hugmyndavinna og kynntar leiðir til þess að vinna með, litun, þrykkja, útsaumur eða breyta eða bæta. Lagt er upp með að nemendur vinni sjálfstætt í sínu verkefni. Kennari miðlar aðferðum og leggur til hugmyndir sem nemendur geta unnið með.

Námsmat

Allir þættir námskeiðsins vega jafnt, þátttaka, hugmyndavinna, úrvinnsla, sjálfstæði og frumkvæði.

Tímar á viku

Ein kennslustund á viku, hálf t skólaárið.

Kennarar

Brynja Emilsdóttir og Björg Þjetursdóttir

Textíl – prjón

Nemendur vinna sjálfstætt í prjóni eða eftir eigin prjónauppskrift. Mikið er lagt upp úr sjálfstæði og markmiðið er að nemandinn geri sér hlut út frá eigin hugmyndum.

Markmið

að nemandinn:

- læri að gera eigin prónahlut
- vinni úr eigin hugmyndum í prjón

Leiðir

Lagt er upp með að nemendur vinni sjálfstætt í sínu verkefni. Kennari miðlar aðferðum og leggur til hugmyndir sem nemendur geta unnið með.

Námsmat

Allir þættir námskeiðsins vega jafnt, mæting, þátttaka, sjálfstæði og frumkvæði.

Tímar á viku

Ein kennslustund á viku, hálf t skólaárið

Kennarar

Brynja Emilsdóttir og Björg Pjetursdóttir

Velkomin í hverfið

Þetta valnámskeið er fyrir nemendur sem hafa íslensku sem annað tungumál.

Markmið

Nemendur sem hafa íslensku sem annað tungumál kynnast hverfinu og íslensku samfélagi. Nemendur þjálfast í íslensku talmáli og samskiptum og öðlast innsýn í íslenskan menningarheim. Markmiðið er einkum að rjúfa félagslega einangrun nemenda af erlendum uppruna á markvissan hátt og veita þeim stuðning í námi og félagslífi. Stofnanir í hverfinu verða kynntar.

Viðfangsefni

- Fræðsla um íslenska siði t.d. páska, jólin, Þorra og Góu. Sérstaka daga eins og konu- og bóndadaginn.
- Goðafræðin og hvernig hún tengist Íslandi.
- Landnámsfólk - konur og menn. Hverjir, hvernig, hvenær, hvað?
- Fræðsla um réttindi barna á Íslandi og hvernig frítíma er hagað; t.d. íþróttaiðkun og aðrar frístundir.
- Heimsóknir og göngutúrar um hverfið.
- Fræðsla um sumarvinnu (ýmislegt í boði), verkalýðsfélög, réttindi, lífeyrismál ofl.
- Samstarf og heimsóknir í Frosta.
- Samstarf við aðra skóla.

Námsmat

Mæting, virkni og þátttaka.

Tímar á viku

Ein kennslustund á viku, hálf t. skólaárið.

Kennarar

Lena Viderö og Stefán Gunnar Sigurðsson



HAGASKÓLI